

STJÓRNARTÍÐINDI A 1 — 1962

18. janúar.

1

Nr. 1.

FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi, 82. löggjafarþing, skuli koma saman til framhaldsfundar fimmtudaginn 1. febrúar 1962, kl. 13.30.

Gjört að Bessastöðum, 18. janúar 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

13. febrúar.

Nr. 2.

LÖG

um samkomudag reglulegs Alþingis 1962.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1962 skal koma saman miðvikudaginn 10. október 1962, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 13. febrúar 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

Stjórnartíðindi A, nr. 1—2. Útgáfudagur 15. febrúar 1962.

A 1